



13. febrúar 2024

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 13. mál á 154. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að bæta stöðu námsmanna (fæðingarorlof, atvinnuleysistryggingar og námslán)

Hagsmunasamtök heimilanna hafa lengi lagt áherslu á að mannsæmandi lágmarksframfærslu verði að tryggja öllum sem þurfa á að halda. Þar af leiðandi eru samtökin fylgjandi því markmiði ofangreinds frumvarps að veita námsmönnum betri stuðning en núgildandi reglur kveða á um.

Samtökin eru sérstaklega fylgjandi þeirri tillögu sem kemur fram í 7. gr. frumvarpsins um að heimilt verði að fella niður námslán að hluta eða öllu leyti vegna verulegra fjárhagsörðugleika, alvarlegra og varanlegra veikinda, eða annarra sérstakra ástæðna. Þegar mál einstaklinga í skuldavanda berast inn á borð samtakanna er algengt að meðal þeirra skulda séu námslán. Reynslan hefur sýnt að þau mál eru oft erfið viðureignar og er því mikilvægt að sanngjörn úrræði standi til boða vegna þeirra.

Frá gildistöku laga um Menntasjóð námsmanna, nr. 60/2020, hafa námslán verið undanþegin áhrifum gjaldprotaskipta og er því engin leið fyrir ógjaldfæra einstaklinga að losna undan þeim eða tilheyrandi innheimtuaðgerðum sem geta verið mjög íþyngjandi.¹ Samtökin hafa barist gegn þessari undanþágu allt frá uppruna hennar og ýmsar tillögur um brottfall hennar hafa verið lagðar fram á Alþingi.

Í því skyni að að fella brott undanþágu námslána frá áhrifum gjaldprotaskipta vilja samtökin leggja til eftirfarandi breytingu á ofangreindu frumvarpi, sem myndi ekki breyta efni þess að öðru leyti:

Í stað orðanna “Á eftir 26. gr. laganna kemur ný grein, 26. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi” í 7. gr. komi: **26. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn.**

Að þessu gættu eru Hagsmunasamtök heimilanna hlynnt ofangreindu frumvarpi.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is

¹ Sjá umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um þált. um niðurfellingu námslána (155. mál á 153. löggj.) og kafla III. í minnisblaði sem fylgdi með umsögn Umboðsmanns skuldara um sama mál.